

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0018
LA

Efni: Umsögn um matsskyldu á urðun óvirks úrgangs á Njarðvíkurheiði

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 14. desember 2023, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu framkvæmdar um matsskylduákvörðun. Framkvæmdin felst í undirbúningi og rekstri móttökustöðvar, geymslusvæðis og urðunarstaðar, gerð aðkomuvegar, uppbyggingu á aðstöðu fyrir starfsfólk og öðrum mannvirkjum sem tengjast starfseminni. Heildarstærð svæðisins á deiliskipulagi er rúmlega 4,9 ha, þ.m.t. urðunarstaður, byggingareitir og aðkomuvegur. Áætlað er að hægt verði að koma fyrir 230.000 m³ af óvirkum úrgangi á staðnum til varanlegrar geymslu og að hann verði notaður í þeim tilgangi í 15 ár. Að auki er gert ráð fyrir að jarðefni og annar óvirkur úrgangur verði geymdur tímabundið, flokkaður og unninn og honum miðlað áfram til nýrrar notkunar eftir því sem kostur er.

Heimilt er að losa allt að 500.000 m³ af efni, bæði til geymslu í styttri og lengri tíma. Hæð efnis skal að jafnaði vera allt að 10 m hátt en þó mega haugar vera allt að 15 m háir. Svæðið verður nýtt til efnislosunar næstu 15 árin og eftir það verði gengið frá svæðinu með þeim hætti að það falli vel að umhverfi, að landformum í nágrenninu og vísað er til leiðbeininga um efnistöku og frágang (Vegagerðin ofl., 2002). Fyrirhuguð framkvæmd er áformuð í samræmi við deiliskipulagið.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsskyldufyrirspurn framkvæmdar sem er vel unnin og í henni er gerð grein fyrir þeim þáttum sem mögulega verða fyrir umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun vill benda á eftirfarandi:

- Urðun er ekki góður kostur til framtíðar og því þarf að endurnýta úrgangsefni eins og kostur er og með því draga úr urðun. Fram kemur í tilkynningu að stuðlað verði að endurnýtingu efna innan urðunarsvæðisins.
- Framkvæmdasvæðið er í nálægð gliðunarbeltis þar sem jarðskjálftar eru algengir. Mikilvægt er að þekkja vel sprungur og misgengi innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og forðast staðsetningu mannvirkja í nálægð þeirra.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir og telur framkvæmdina ekki matsskylda

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

